



## Varðveisla til framtíðar?

Skýrsla farskólastjórnar um Farskóla FÍSOS sem haldinn var á Höfn í Hornafirði dagana 16. – 18. september 2015.

Farskólastjórn: Vala Garðarsdóttir skólastjóri, Ingibjörg Lilja Pálmadóttir, Elísabet Pétursdóttir, Nathalie Jacqueminet og Ingibjörg Áskelsdóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Skipulag Farskólans .....	4
Vinnustofur.....	6
Vettvangsferð.....	7
Fjármögnun og kostnaður .....	8
Samantekt .....	9
Niðurstöður úr vinnustofum: .....	10



Fríður hópur farskólanema

## Inngangur

Farskóli *Félags íslenskra safna og safnmanna* var haldinn á Höfn í Hornafirði (á Hótel Höfn og í Dyngjusal) dagana 16. – 18. september 2015 og var þetta 27. farskóli á vegum félagsins. Farskólinn er haldinn árlega og er mikilvæg landsráðstefna allra íslenskra safnmanna, þar sem fagfólk af lista-, menningarminja og náttúruminjasöfnum kemur saman til að hlýða á fyrirlestra og kynningar, fara í vettvangsheimsóknir og ræða um ýmis mál er snerta safnastarf. Þátttakendur í farskólanum þetta árið voru rétt um 116 talsins og telst það góð mæting. Skólustjóri var Vala Garðarsdóttir forstöðumaður Hornafjarðasafna, en auk hennar sátu í farskólustjórn Ingibjörg Pálmadóttir hjá Hornafjarðarsöfnum, Elísabet Pétursdóttir verkefnastýra FÍSOS, Ingibjörg Áskelsdóttir hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur og Nathalie Jacqueminet hjá Þjóðminjasafni Íslands. Sá farskólustjórn um undirbúning ráðstefnunnar og skipulagði dagskrá (sjá viðhengi ) og vann að frágangi þessarar skýrslu. Þetta árið var farskólinn unnin í samstarfi við NKF – Ísland sem að er Íslandsdeild norrænna forvarða. Var það gert í fyrsta skipti að farskólaneftinni var skipt í tvennt, Vala og Ingibjörg Lilja sáu um allt skipulag á Höfn, Elísabet um skipulag ferða og annað sem þurfti í Reykjavík og Ingibjörg og Nathalie sáu um skipulag allrar faglegrar dagskrár og hópavinnu.

Undirbúningur farskólans hófst haustið 2014. Mikilvægt þótti að hefja skipulag snemma vegna erlendu fyrirlesarana. Dagskráin var svo sett saman að mestu veturinn 2014-15 og skráning í bæði skólann og hópavinnu vorið 2015.



Starfsfólk Borgarsögusafns Reykjavíkur ásamt Þóri Ingvarssyni forverði

## Skipulag Farskólans

Áhersla farskólans að þessu sinni var á varðveislu safnkosts. Yfirskrift Farskólans að þessu sinni var því *Varðveisla til framtíðar?* Kröfur um að menningararfurinn sé aðgengilegur og sýnilegur eru stöðugt að aukast og með því fylgir meira álag á safngripi. Á sama tíma eru söfnin lögbundin til tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Safnkosturinn stækkar sífellt, verður fjölbreyttari og flóknari í stærð og uppbyggingu. Hvernig geta söfn landsins mætt þessum kröfum og á hvað eiga þau að leggja áherslu ?

Tveir erlendir sérfræðingar sem standa framarlega á sínu sérsviði voru fengnir til landsins til þess að taka þátt í farskólanum; **Jean Tétreault**, deildarstjóri fyrir fyrirbyggjandi forvörslu á CCI (Canadian Conservation Institute) stærstu rannsóknarstofnun heims á sviði varðveislu. Jean flutti tvö erindi: *Environmental Standards: from Rigidity to Responsibility* og *Products: Principles and Some Key Points*. Og **Yvonne Shashoua**, vísindamaður á sviði varðveislu (conservation scientist) á danska Þjóðminjasafninu, hún fjallaði um varðveislu gripa úr plasti. Yvonne er frumkvöðull á þessu sviði og hefur gefið út lykilmál um varðveislu plastgripa.

Fjölmarginir innlendir fyrirlesarar héldu einnig fróðleg erindi sem tengdust viðfangsefninu:

<b>Varðveisla, forvarsla og siðareglur ICOM</b>	Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur
<b>Varðveislumat gamalla húsa - aðferð við mat á safngripum?"</b>	Hanna Rósa Sveinsdóttir, sérfræðingur húsverndarsviðs Minjasafnsins á Akureyri
<b>Hvernær er tími fyrir varðveislu?</b>	María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna á Borgarsögusafni Reykjavíkur
<b>Nýtt eftirlitskerfi Safnaráðs</b>	Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs
<b>Handbókin um varðveislu safnkosts - bindi II kynning</b>	Rannver Hannesson, fagstjóri forvörslu á Landsbókasafni Íslands
<b>...og vit til að greina þar á milli. Varðveisla í skurðpunkti teoríu og praxís</b>	Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, safnafræðingur
<b>Er hægt að varðveita gripi úr plasti til framtíðar?</b>	Yvonne Shashoua, sérfræðingur, danska Þjóðminjasafnið



<b>Varðveisla kvikmynda</b>	Pórir Ingvarsson, forvörður hjá Svenska Filminstitutet
<b>Fuglar og húsdýr: gersemi eða drasl? "varðveisla náttúrugripa á Byggðasafni Árnesinga"</b>	Linda Ásdísardóttir, safnvörður á Byggðasafni Árnesinga
<b>Varðveisla lifandi safnskots</b>	Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðs Reykjavíkur
<b>Blái Skjöldur á Íslandi</b>	Dagný Heiðdal, deildarstjóri Listaverkadeildar á Listasafni Íslands
<b>Þjörgun menningarverðmæta á Haítí eftir jarðskjálftann 2010. Málverkaforvarsla.</b>	Kristín Gísladóttir, forvörður
<b>Viðbrögð við skordýraáras</b>	Sif Jóhannesdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga á Húsavík
<b>Viðbrögð við myglu</b>	Ingibjörg Áskelsdóttir, verkefnastjóri rannsókna og forvörslu á Borgasögusafni Reykjavíkur
<b>Innleiðing gæðastjórnunar í safngeymslu</b>	Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar
<b>Listasafn Reykjavíkur: úttektir forvarða og ný varðveisluhús</b>	Helga Lára Þorsteinsdóttir, deildarstjóri safnadeildar á Listasafni Reykjavíkur
<b>Síldarminjasafn: nýtt“ geymsluhúsnæði safnsins, Salthúsið, og áform okkar um varðveislu og skráningu</b>	Steinunn María Sveinsdóttir fagstjóri á Síldarminjasafni
<b>Skipulag, undirbúningur og flutningar</b>	Gerður Róbertsdóttir, verkefnisstjóri munavörslu á Borgarsögusafni Reykjavíkur
<b>Forvörsluskýrslur í Sarpi</b>	Nathalie Jacqueminet og Sandra Sif Einarsdóttir, -forverðir hjá Þjóðminjasafni Íslands.
<b>Varðveisla einkaskjalasafna</b>	Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs á Þjóðskjalasafni Íslands
<b>Kynning - safnastefna á sviði þjóðminjavörslu 2015-2020</b>	Margrét Hallgrímsdóttir Þjóðminjavörður



Jean Tétréault, deildarstjóri fyrir fyrirbyggjandi forvörslu á CCI flytur fyrirlestur

## Vinnustofur

Boðið var upp á sex ólíkar vinnustofur þar sem að farið var yfir fjölbreytta þætti sem koma að varðveislumálum. Sjá niðurstöður þessarar vinnu í viðhengi x

Leiðbeiddandi/ur	Vinnustofa	Tími
Steinunn Guðmundsdóttir og Ragna Gestsdóttir	Bannað að snerta - safnfræðsla og varðveisla	90 mínútur
Lilja Arnadóttir og Ágústa Kristófersdóttir	Grisjunarstefna / órjúfanlegur hluti söfnunarstefnu	90 mínútur
Inga Lára Baldvinsdóttir og Sigrún Ásta Jónsdóttir	Verkefni fyrir sjálfbóðaliða og nema	90 mínútur
Þórir Ingvarsson, Nathalie Jacqueminet	Umhverfi fyrir safngripi	2 x 45 mínútur
Karen Sigurðkarlsdóttir	Úttekt/mat á ástandi safnskots	90 mínútur
Rannver Hannesson	Frágangur gripa úr pappír	90 mínútur



Áhugasamir farskólanemar í í vinnustofunni: Umhverfi fyrir safngripi

## Vettvangsferð

Vettvangsferðin að þessu sinni var að bænum Heinabergi á Mýrum. En svæðið er undurfagurt og einstakt. Má segja að það liggi á milli tveggja jökultungna og tveggja jökuláa. Jöklarnir eru Heinbergs- og Fláajökull en jökulárnar Hólmsá og Heinbergsvötn. Bærinn sem fallið hefur og er nú gróin tóft fór í eyði 1932. En síðustu ábúendur urðu frá að hverfa vegna ágangs Hólmsár og Heinbergsvatna og var því búseta við slík náttúruskilyrði erfið og óáreiðanleg.

Þóra Magnússdóttir Þjóðgarðsvörður fór fyrir hópnum og sagði frá sögu svæðisins og síðustu ábúenda á Heinabergi og gerði vel.

Veðrið lék við farskólanemendur og var rölt um í blíðunni og áð undir fjalli. Nestið var ekki af verri endanum, heimabakaðar flatkökur með hangikjöti frá Miðskeri, kleinur, innflutt kek ásamt góðum drykkjum og íslenskum snöpsum með heiða- og fjallajurtum sem bragðbæti. Þetta fór vel í fólk og bætti upp það ævintýri sem átti sér stað er á Mýrarnar var komið. Það ævintýri fór sem betur vel, en rútan góða festi sig í villtri náttúrunni og spólaði upp nokkrum rúmmetrum af hinum fagra jökulleir og sandi sem þarna er ásamt sjaldgæfum mosa! Ekki þurfti minni mann né vel en Bjössa úr Flatey til þess að bjarga rútugreyinu úr sporum syndarinnar, það þótti nokkuð athyglisvert og er sagan farin víða um sveitina um svaðilfarir rútabílstjórans að sunnan (athugið...að sunnan☺). Nokkrum brá við eðlilega, en gott er frá því að segja að Þjóðgarðsverðir Vatnajökulsþjóðgarðar fóru á staðinn og bættu þau spor sem sunnleski rútabílstjórinn skildi eftir sig, nú gróa þau sár. Heimferðin gekk nokkuð vel og stórslysalaust fyrir sig og má segja að fólk hafi haft gaman að.



## Fjármögnun og kostnaður

Að mörgu þarf að huga að þegar það kemur að því að halda farskóla. Það er kostnaðarsamt að fá fyrirlesara erlendis frá og einnig var ákveðið í þetta sinn að greiða farskólagjald og gistingu fyrir þá íslensku fyrirlesara sem ekki eru í FÍSOS. Sótt var um styrki til Safnaráðs, bæði fyrir hönd farskólans og samstarfsaðila í NKF-IS. Hornafjarðarsöfn, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Þjóðminjasafn Íslands lögðu öll fram vinnu við undirbúning og eftirvinnu farskólans.

Farskóli 2015		Kostnaðaráætlun	Raunkostnaður
		8.9.2015 - miðað við 120 manns	Þáttakendur alls 116
Fundarsalir		45.000 kr.	85.000 kr.
Fyrirlesari Jean		250.000 kr.	279.848 kr.
Fyrirlesari Yvonne		168.000 kr.	135.577 kr.
Ísl. fyrirlesari		60.000 kr.	41.000 kr.
Ísl. fyrirlesari		60.000 kr.	41.000 kr.
Ísl. fyrirlesari		60.000 kr.	41.040 kr.
Ísl. fyrirlesari		60.000 kr.	41.040 kr.
Farskólastjórn (flug)		144.000 kr.	73.690 kr.
<b>Samtals:</b>		<b>802.000 kr.</b>	<b>738.195 kr.</b>
Kaffi		126.000 kr.	186.540 kr.
Matur		622.800 kr.	577.680 kr.
Árshátíð		780.000 kr.	754.000 kr.
Rútuferð til og frá		500.000 kr.	465.000 kr.
Rútuferð í farskóla		0 kr.	150.000 kr.
Plötusnúður		0 kr.	50.000 kr.
Póknun banka			6.218 kr.
Ráðstefnugögn		250.000 kr.	267.379 kr.
<b>Samstals:</b>		<b>2.278.800 kr.</b>	<b>2.456.817 kr.</b>
Fært frá fyrri lið:		862.000 kr.	738.195 kr.
<b>Samtals út alls:</b>		<b>3.140.800 kr.</b>	<b>3.195.012 kr.</b>
<b>Innkoma</b>	<b>Fjöldi</b>		
Farskólagjald kr. 16000	101	1.923.000 kr.	1.630.115 kr.
Rúta kr. 6600	66		435.600 kr.
Styrkur Safnasjóður		1.300.000 kr.	1.300.000 kr.
Millifært FÍSOS v/villu			40.000 kr.
Afgangur 2014		100.000 kr.	101.240 kr.
Innvextir			3.903 kr.
Innheimtubjón ta			5.877 kr.
<b>Samtals inn</b>		<b>3.323.000 kr.</b>	<b>3.516.735 kr.</b>
<b>Staða á reikningi 1.04.2016</b>			<b>321.723</b>



## Samantekt

Farskólinn á Höfn í Hornafirði, líkt og farskóli fyrri ára var skipulagður af miklum metnaði og nú í samstarfi NKF – Íslandsdeild norrænna forvarða. Í ár var lagt upp með ákveðið þema *Varðveisla til framtíðar?* Má segja að almennt hafi verið mikil ánægja með að skapa vettvang forsvörslu á farskóla. Forvarsla og aðbúnaður safngripa er stór þáttur faglegra vinnubragða á söfnum og var meðal annars rætt hvernig varðveislumál tengjast til að mynda miðlun og rannsóknunum. Praktískar breytingar urðu einnig á skipulaginu og farskólastjórn skipt í tvennt. Fagleg dagskrá og fyrirlesar var á höndum Ingibjargar og Nathalie. En aðbúnaður, gisting og ferðir á höndum Elísabetar og Ingibjargar Lilju. Þetta fyrirkomulag þótti gefast mjög vel.

Ánægjulegt var að fá innsýn í starfsemi Hornarfjarðarsafna og þá ekki síst geymslurnar og fóru vinnustofur farskóla þar fram, margar hverjar. Var eftir því tekið hversu gagnleg og upplýsandi erindi fyrirlesara voru, t.d dæmis að fá leiðbeiningar og dæmi um umhirðu og aðbúnað safngripa, sem ekki búa við kjöraðstæður. Fjölmarginir fyrirlesarar, bæði innlendir og erlendir kynntu raunveruleg dæmi þar sem aðbúnaður safngripa var stórlega bættur með lítilli fyrirhöfn og mjög gerlegu verklagi fyrir minni og lítil söfn sem eiga erfitt með að nálgast faglega ráðgjöf forvarða.

Ef að einhverju má finna að á Farskóla safna og safnmanna 2015, þá er það líklegast tvennt. Of þéttskipuð dagskrá og tímasetning aðalfundar. Dagskráin var ákaflega metnaðarfull og innihaldsrík, en á köflum voru erindi of mörg og mögulega of lítill tími á milli dagskrárliða til þess að spjalla, styrkja gömul tengsl og/eða skapa ný.

Aðalfundur FÍSOS var á sínum stað, sem síðasti dagskrárliður. Það þótti ekki vel til fundið eins og oft áður. Hann byrjaði seint, m.a. vegna annara dagskrárliða sem drógust. Fólk var farið að tygja sig heim eða sumir hverjir jafnvel farnir. Mælt er því með því að næsti farskóli skuli hefjast með aðalfundi. Af þessu tvennu má læra fyrir næsta farskóla, að gefa nægan tíma fyrir spjall farskólanema og aðalfund FÍSOS.

## Niðurstöður úr vinnustofum:

### 1. Bannað að snerta

#### Hlutverk safnfræðslu á nútíma safni.

Leiðbeinendur: Steinunn Guðmundardóttir og Ragna Gestsdóttir

Þátttakendur:

Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Ragna Gestsdóttir	Minjasafnið á Akureyri
AlmaDís Kristinsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Steinunn Guðmundardóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Anna Leif Elívdóttir	Byggðasafnið Görðum, Akranesi
Þóra Sigurbjörnsdóttir	Hönnunarsafn Íslands
Hjördís Pálsdóttir	Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
Jóhanna Bergmann	Þjóðminjasafn Íslands
Sigurlaug Jóna Hannesdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Guðrún Jóhannsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Helga Einarsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Elsa Guðný Björgvinsóttir	Minjasafn Austurlands
Bergsveinn Þórsson	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Valdís Viðarsdóttir	Minjasafnið á Akureyri
Valgerður Guðmundsdóttir	Reykjanesbær
Sigríður Rósa Sigurðardóttir	Smámunasafn Sverris Hermannssonar
Helga Vollertsen	Þjóðminjasafn Íslands
Anna Rut Guðmundsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands

*Hlutverk safna er bæði að varðveita og miðla en hvernig fara þessir tvær þættir saman? Er mikilvægt að kynna forvörslu fyrir nemendum og hvernig er best að gera það á áhugaverðan hátt? Hvernig útskýrum við fyrir safngestum að sumt má snerta en annað ekki?*

## **Undirbúningur: lýsing**

Undirbúningur hópstjóra átti sér stað í gegnum 3 símafundi og tölvupóstsamskipti. Strax í upphafi töldum við að fyrir hugmyndavinnu af þessu tagi væri æskilegt að skipta hópnum í smærri umræðuhópa til þess að fá sem mest út úr umræðunum. Við ákváðum því að skipta hópnum í 4 smærri umræðuhópa og biðja hvern hóp um að hafa ákveðna þætti í huga þegar kæmi að umræðum. Annars vegar báðum við hópana um að velta upp hugmyndum um hvernig gera mætti fræðsluefni um forvörslu og gera hana þar með sýnilegri safngestum. Hins vegar vildum við líka fá umræðu um hvernig safnfræðsla og forvarsla fer saman í safnastarfi og hvernig við getum leitað leiða til að sneiða fram hjá hvers kyns árekstrum milli þessara tveggja mikilvægu þátta. Frá upphafi vildum við hafa vinnuna á léttum nótum – læra og miðla í gegnum leik, sbr. áherslur í safnfræðslu í dag. Þess vegna ákváðum við að notast við leik til þess að skipta fólki í hópa, sem einnig varð til þess að umræðuhóparnir voru blandaðri en annars hefði kannski orðið.

## **Skipulagning á staðnum**

Þegar á Höfn var komið var orðið nokkuð skýrt hvernig vinnustofan átti að fara fram – en við áttum eftir að klára leikinn sem við notuðum til að skipta fólki í hópa. Við náðum að finna okkur lausa stund til að útbúa miða og skipuleggja þann þátt. Eins og áður sagði var ákveðið að skipta hópnum í 4 smærri umræðuhópa en í hverjum hóp voru 5-6 einstaklingar. Leikurinn vakti lukku og hristi fólk saman, en hann gekk út á að bera kennsl á ákveðnar persónur í íslenskum og erlendum safnaheimi – og finna út hvert starfssvið persónanna væri og hverjir ættu þ.a.l. saman í hóp. Um leið og þátttakendur höfðu fundið hópinn sinn hófust umræður. Við báðum hvern hóp að útnefna ritara til að taka punkta en hugmyndin var að nota síðustu 15-20 mínúturnar til að fara yfir hugmyndir og niðurstöður hvers hóps fyrir sig.

## **Umræður**

Áður en umræðuhóparnir tóku til starfa kynntu hópstjórar verkefni dagsins fyrir þátttakendum. Ragna kynnti safnafræðilegan ramma sem safnfræðsla þarf að vinna eftir, út frá forvörslusjónarmiðum safna og Steinunn kynnti þær áherslur sem hópstjórnarnir höfðu horft til við undirbúning umræðna. Við kölluðum eftir hugmyndum sem tengdust þessum atriðum og vinnan fór af stað. Við báðum hópana um að koma fram með vangaveltur um tengsl safnfræðslu og forvörslu – og segja frá hvað fólki þætti mest brýnt að vinna með. Við báðum líka þátttakendur endilega að koma fram með og deila með hópnum hugmyndum að

verkefnum eða miðlunarleiðum sem kannski væri hægt að vinna áfram með á einhverjum vettvangi. Koma hugmynd í heiminn og sjá svo hvað gerist. Umræður urðu mjög líflegar og augljóst að þátttakendur höfðu margt um þessi mál að segja. Hóparnir hefðu í raun getað haldið umræðum áfram klukkutímum saman og má því vonandi segja að þessi umræða sé aðeins rétt að byrja!

### **Niðurstöður**

Það var einróma álit allra umræðuhópa að gott samstarf forvörsludeilda og safnfræðsludeilda sé nauðsynlegt. Þetta séu tveir mikilvægir þættir í safnstarfi sem þurfa að geta spilað vel saman. Bent var á að forvarsla mætti vera mikið sýnilegri í sýningum, hana mætti draga meira fram í safnfræðslu og jafnvel útbúa sérstakt fræðsluefni um forvörslu. Einnig var bent á að gaman gæti verið að setja hreinlega upp forvörslusýningar þar sem mismunandi stig forvörslu kæmu bersýnilega í ljós. Þá var bent á að mikilvægt væri að safnfræðslan kæmi meira inn í sýningagerð á frumstigi einmitt til þess að þessir tveir þættir geti unnið betur saman. Allir hópar komu einnig inn á það að það að geta leyft gestum að handleika gripi hafi mikilvægt fræðslugildi og því væri kannski möguleiki á því að suma gripi mætti skrá sérstaklega til þess háttar notkunar í söfnin. Þannig mætti t.d. bjóða safnfræðsludeildum gripi sem ekki er vilji til að skrá inn í safnkostinn. Öll vorum við sammála um að notkun eftirlíkinga í safnfræðslu sé einnig mikilvæg þar sem annað er ekki möguleiki en jafnframt bent á að það þurfi að vera alveg skýrt hvort menn séu að handleika eftirlíkingar eða ekki.

### **Athugasemdir til farskólastjórnarinnar**

Við teljum að farskólastjórn hafi haldið vel utan um þetta starf og var þessi farskóli öllum þeim sem að honum stóð til sóma. Við viljum svo bara ítreka að umræða um forvörslu og safnfræðslu er ekki lokið og viljum við gjarnan að henni verði haldið markvisst áfram!



## 2. Frágangur gripa úr pappír

Leiðbeinandi: Rannver Hannesson

Þáttakendur:

Ingiríður Óðinsdóttir	Hönnunarsafn Íslands
Margrét Aradóttir	Smámunasafn Sverris Hermannssonar
Ingunn Jónsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Inga Jónsdóttir	Listasafn Árnesinga
Snorri Guðjón Sigurðsson	Menningarmiðstöð Þingeyinga

*Sýnikennsla - Gamlar umbúðir, kort, bækur, stílabækur, vatnslitamyndir, plaköt, prentaðar heimildir.....*

### Undirbúningur: lýsing

Að mestu byggt á námskeiðum sem haldin hafa verið fyrir starfsfólk Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns, starfsfólk skjala- og bókasafna á Norðurlandi, o.fl.

Efni: ólíkar tegundir tilbúinna umbúða, pappír, karton, plast, límefni og helstu handverkfæri.

### Skipulagning á staðnum

Stutt kynning á pappír sem efni og grunni fyrir prent og myndlist. Eðli og eiginleikar pappírs s.s. rakadrægni og trefjastefna.

Rætt um hentugan frágang pappírgripa og umbúðir til varðveislu þeirra. Hvaða efni skal nota og hvað ber að varst. Sýrustigsmæling umbúða og rykhreinsun gripa. Kennd handtök við gerð fjórflipaumslaga og einfaldra geymsluaskja. Frágangur pappírgripa á sýningum: innrömmun með passepartout, festingar á spjöld o.fl.

### Umræður

Fyrirspurnir einkum varðandi umbúðaval og pappírsúrval. Einnig hvernig ganga eigi frá viðkvæmum pappírgripum og þrívíðum gripum s.s. collage o.þ.h.

Umræður um frágang í innrömmun og á sýningar, oft er tiltölulega háum fjármunum eytt til sýningargerðar og verk geymd í römmum til frambúðar. Hvernig á að ramma inn og hverjum er treystandi til þess? Geta söfn sett fram kröfum um innrömmun?

## **Niðurstöður**

Ég tel að námskeiðið hafi verið vel heppnað og þátttakendur hafi fengið innsýn í frágang pappírsgripa og umbúðir til varðveislu þeirra. Fjöldi fyrirspurna komu fram og reynt að leysa úr þeim eftir því sem tími gafst til. Það sem einkum sló mig var hvað safnafólk er illa meðvitað um frágang pappírsgripa á sýningar , hugsunina á bak við innrömmun, festingar gripa o.s.frv. Ég tel að auka þurfi til muna þekkingu safnafólks á þessu og þeim kröfum sem setja þarf fram þegar gripir eru sendir utanaðkomandi aðila til frágangs fyrir sýningar.

## **Athugasemdir til farskólastjórnarinnar**

Áætlaður tími til hópvinna voru 90 mínútur, sem verður að teljast fullstuttur tími til að fjalla um jafn umfangsmikið efni sem frágangur pappírsgripa er. Ekki reyndist unnt að gefa fólki tækifæri á að meta pappír, mæla sýrustig aða spreyta sig á einfaldri umbúða og öskjugerð.

### 3. Grisjunarstefna / órjúfanlegur hluti söfnunarstefnu

Leiðbeinendur: Lilja Árnadóttir og Ágústa Kristófersdóttir

Páttakendur:

Gerður Róbertsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
María Karen Sigurðardóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Helgi Máni Sigurðsson	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Íris Gyða Guðbjargardóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Gísli Helgason	Borgarsögusafn Reykjavíkur / Ljósmyndasafn
Linda Ásdísardóttir	Byggðasafn Árnesinga
Sigríður Bachmann	Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna
Bjarni F. Einarsson	Fornleifafræðistofan
Elín S. Sigurðardóttir	Heimilisiðnaðarsafnið, Blönduósi
Arndís Þorvaldsdóttir	Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Vala Garðarsdóttir	Hornafjarðarsöfn
Kristín Einarsdóttir	Lyfjafræðisafnið
Sif Jóhannesdóttir	Menningarmiðstöð Þingeyinga
Beata Fabian	Minjasafn Austurlands
Edda Björnsdóttir	Minjasafn Austurlands
Inga Hlín Valdimarsdóttir	Minjasafn Egils Ólafssonar
Haraldur Þór Egilsson	Minjasafnið á Akureyri
Hanna Rósa Sveinsdóttir	Minjasafnið á Akureyri
Sigurður Trausti Traustason	Rekstrarfélag Sarps
Hulda Björk Þorkelsdóttir	Reykjanesbær
Guðrún Jónsdóttir	Safnahús Borgarfjarðar
Ágústa Kristófersdóttir	Safnaráð
Anita Elefsen	Síldarminjasafn Íslands
Bjarki Sveinbjörnsson	Tónlistarsafn Íslands
Ragnheiður Jósúadóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Lilja Árnadóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Ármann Guðmundsson	Þjóðminjasafn Íslands
Anna Lís Rúnarsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Guðmundur Ólafsson	Þjóðminjasafn Íslands
Kristín Halla Baldvinsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir	Sjálfstætt starfandi

Kynning á lagaumhverfi varðandi grisjun og samtal um leiðir við gerð grisjunarstefnu og grisjunaráætlunar.

### **Undirbúningur:**

Þátttakendur áttu að hafa fengið senda fyrir fundinn minnisblað um lagaumhverfi og tillögu að grisjunarferli sem unnið var í Lækningaminjasafni og munasafni Þjóðminjasafns 2013. Þá fengu þátttakendur könnun þar sem spurt var um:

- Eiga söfn að þínu mati að grisja safnkost sinn með markvissum hætti til að styrkja söfnunarsvið safnsins?
- Eiga söfn að þínu mati að grisja safnkost sinn aðeins þegar nauðsyn krefur, t.d. óbætanlegar skemmdir hafa orðið á grip?
- Raðaðu eftirfarandi hugtökum eftir mikilvægi þeirra við gerð grisjunaráætlana, gripurinn / gripahópurinn: (Færðu hugtökin í þá röð sem þér hugnast).
- Hvað á að gera við þá gripi sem grisjaðir eru úr safeign? Raðaðu lausnum eftir fýsileika.
- Séu gripir sem grisja á seldir, hvað á þá að gera við ágóðann? Telur þú æskilegt að gerð verði samræmd grisjunaráætlun fyrir öll söfn á sama sviði?
- Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Niðurstöður könnunar liggja fyrir á pdf formi og fylgja þær með þessu skeyti til farskólastjórnar.

Þátttakendur voru skráðir 27 talsins en voru ögn færri. Þátttakendur voru frá minjasöfnum, sem sum hafa margs konar skyldum að sinna, safnahúsum og menningarmiðstöðvum.

### **Skipulagning á staðnum:**

Hópurinn kom allur saman á tilsettum tíma í safnaðarheimili Hafnarkirkju. Umsjónarmenn þær Lilja og Ágústa höfðu örstutta framsögu þar sem sú fyrrnefnda skilgreindi hugtakanotkun en Ágústa greindi frá þeim greinum safnalaga og laga um Þjóðminjasafns sem taka til grisjunar. Anita Elefsen tók að sér að skrifa minnisblað málstofunnar.

### **Umræður:**

Umræðurnar voru líflegar í meira lagi. Þar gafst safnmönnum tækifæri til að ræða málefni sem brennur um þessar mundir. Söfnun og grisjun.

Lögð var áhersla á:

Söfnunarstefna er forsenda þess að söfnin geti markað grisjunarstefnu eins og lög kveða á um.



Að við söfnun og móttöku aðfanga yrði tilgangur og markmið söfnunar að vera skýr.

Misjafnt er hvort söfn taka við og áskilja sér rétt gefanda til þess að varðveita ekki allt sem tekið er á móti.

- Að nauðsynlegt sé að söfnin hafi viðurkennt skjal sem staðfestir móttöku á grip og þeirri skyldu sem safnið þarf að uppfylla og sé í samræmi við lög og alþjóðlegar siðareglur.
- Þátttakendur sammála um að misjafnt sé eftir málaflokkum / safntegund hvernig staðið er að grisjun og hvenær getur til hennar komið.
- Þátttakendur sammála um að grisjun eigi einungis við til þess að leysa stóra gripaflokka eða heildir. Þ.e. ekki nauðsyn að losa sig við einn gamlan eldspýtustokk eða bollapar.
- Ljósmyndasöfn hafa sínar aðferðir, sem lúta annars konar aðferðum en t.d. gripasöfn.
- Listasöfn hafa ákveðin lagabókstaf til að vinna eftir.
- Grisjun jarðfundinna gripa lýtur sérstökum lögum þar sem hún getur hafist í uppgreftinum sjálfum.
- Skráning, ljósmyndun og upplýsingaöflun eru allt aðferðir sem eru nothæfar við grisjun.
- Mjög mikið rætt um leiðir til grisjunar og mismunandi leiðir til ráðstöfunar, hvort til greina komi að skilgreind.
- Fram kom ósk/krafa um samræmdar aðgerðir í málinu og að höfuðsöfn axli ábyrgð í samræmi við lagaskyldur.
- Við blasir að seint verður algjör einhugur um hvernig hægt er að standa að verki, sem í sjálfu sér kallar á ákveðnar aðgerðir af hendi höfuðsafna.

### Niðurstöður:

Niðurstaða vinnuhóps á Farskóla 2015 er sú að söfn standi frammi fyrir stóru vandamáli þegar kemur að grisjun og förgun safnkosts – þar sem engin svör fást við stórum og erfiðum spurningum, eins og til dæmis því hvaða úrlausnir séu til staðar við förgunina sjálfa. Tillaga hópsins er að setja saman starfshóp fyrir tilstilli höfuðsafnanna og Safnaráðs þar sem farið verði yfir fýsileika þess að búa til samræmdar grisjunaráætlanir höfuðsafna sameiginlega eða hvers á sínu sviði. Í kjölfar þess verði síðan unnið að mótun leiðbeininga og verklags til bæði safnanna sjálfra og annara sem skila gripum/gögnum til safna s.s. fornleifafræðinga. Einnig þarf að skoða hvort nauðsynlegt sé að gera

breytingar á lagaumhverfi varðveislu menningar og náttúruminja þannig að það endurspegli veruleika stofnanna betur en nú er. Mikilvægt er að tryggja svigrúm til sveigjanleika, það þarf að vera hægt að mæta öllum þeim ólíku þörfum sem söfnin búa við og setja fram og tryggja þannig að margar leiðir verði færar þegar kemur að gríðun safnkosts.

**Athugasemdir til farskólastjórnarinnar:**

Ekki aðrar en þær að þakka fyrir ágætan farskóla 2015.

## 4. Umhverfi fyrir safngripi á sýningum

Leiðbeinendur: Nathalie Jacqueminet og Þórir Ingvarsson

Þáttakendur:

A hópur		B hópur	
Bryndís Erla Hjálmarsdóttir	Listasafn Reykjavíkur	Anna Lís Guðmundsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Brynja Sveinsdóttir	Gerðasafn	Guðmundur Sigurðsson	Byggðasafnið Görðum, Akranesi
Guðný Dóra Gestsdóttir	Gljúfrasteinn - hús skáldsins	Haraldur Haraldsson	Byggðasafn Reykjanesbæjar
Gunnar Stígur Reynisson	Hornafjarðarsöfn	Helga Guðrún Stefánsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Helga Lára Þorsteinsdóttir	Listasafn Reykjavíkur	Helga Hallbergsdóttir	Sagnheimar, byggðasafn
Hörður Geirsson	Minjasafnið á Akureyri	Helga Maureen Gylfadóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Kristinn E. Gunnarsson	Borgarsögusafn Reykjavíkur	Jón Allansson	Byggðasafnið Görðum, Akranesi
Kristín Gísladóttir	Sjálfstætt starfandi	Lýður Pálsson	Byggðasafn Árnesinga
Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir	Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	Ólöf Breiðfjörð	Þjóðminjasafn Íslands
María Gísladóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur	Pétur Sörensson	Fjarðabyggð
Sigríður Guðný Björgvinsdóttir	Hornafjarðarsöfn	Sverrir Magnússon	Skógasafn
Sigríður Melrós Ólafsdóttir	Listasafn Einars Jónssonar	Valdís Einarsdóttir	Byggðasafn Dalamanna
Sigrún Kristjánsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur	Þorbjörg Gunnarsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
		Þór Sigurðsson	Minjasafnið á Akureyri

### Undirbúningur A:

Upphaflega átti þetta hópastarf að vera 90 mínútna langur og í umsjón Þóris Ingvarssonar en vegna mikilla aðsóknar var ákveðið að skipta hópinn í tvennt og halda tvo hópastarf AB og síðan BA:

A hópur: umhverfi fyrir safngripi í geymslum- sýnikennsla (45 mínútur- í umsjón Þóris Ingvarssonar ).

Ljós, hiti og raki: mælingar - Litlar rannsóknir (ljós, mengun ....)

B hópur: umhverfi fyrir safngripi á sýningum (45 mínútur- í umsjón Nathalie Jacqueminet)

### **A Umhverfi fyrir safngripa á sýningu**

Markmið verkefnisins var að læra grunntækni til að greina hvort húsnæði hentar fyrir sýningu og hvernig má stýra val gripa með það í huga að tryggja ávallt góða varðveisluskilyrði þeirra á sýningum.

Hugmyndin var að láta þátttakenda undirbúa litla sýningu um heimi Jóns Sigurðssonar. Í boði voru 100 gripir úr heimi Jóns Sigurðssonar sem hægt að var velja úr. Gert var ráð fyrir að velja 10 gripir og hafna 2 með rökstuðningnum (varðveisluskilyrði? , öryggismál? Annað?).

### **Skipulagning á staðnum**

Hópurinn fékk að vera í bókasafni Menntaskólans á Höfn og partur af rýminu var tilgreindur sem sýningarsalur sem hópurinn ætti að vinna með. Í salnum voru tveir IKEA skápar til sem hægt var að nota fyrir sýninguna.

Allir fengu vinnublað með minnispunkta (sjá viðhengi 1 og 2).

Fyrsta skrefið var að fara í gegnum vinnublaðið og læra að nota mælitækin. Síðan var hópurinn skipt í 3-5 manna teymi. Á einu borði voru 100 myndir af gripum úr heimi Jóns Sigurðssonar sem hægt að var velja úr. Einnig var hægt að velja mælitæki til að geta mælt ljós, U.V. bylgjur, raka og hita.

### **Umræður**

Hvern hópur kynntu fyrir hina þátttakenda niðurstöðurnar (val gripa) sínar og rýnt var í þær. Hópurinn þyrfti að útskýra t.d. hvaða gripir yrðu að vera í skápum og hvaða gripir gátu verið saman í skápum frá varðveislusjónarmiði.

Rætt var um hversu erfitt getur verið að samræma hönnun sýningar og varðveisluskilyrði fyrir safngripa.

### **Niðurstöður**

Hópurinn lærði vinnuferli sem nýtist við sýningargerð bæði á safni og í almennu rými.

**Athugasemdir til farskólastjórnarinnar:** engar



## Undirbúningur B

Vinnustofa um geymslu- og sýningarumhverfi fyrir safngripi. Miðað var við 90 mínútur. Vegna mikillar ásóknar var hópnum skipt í tvennt og deilt á tvo leiðbeinendur. Eftir 45 mín. var hópnum víxlað og sama efnið kennt aftur.

Nathalie Jacqueminet fór yfir umhverfi fyrir safngripi á sýningum

Ég (Þórir) fjallaði um áhrif umhverfis (hitastig, rakastig, ljós, loftmengun) á safngripi, þau viðmið sem eru í gildi varðandi umhverfi í geymslum og sýningum, auk þess hvernig hægt er að mæla þessa þætti.

Markmið námskeiðsins voru að nemendur:

- öðluðust grunnskilning á því hvernig umhverfisþættir hafa áhrif á hvor aðra (hitastig/rakastig) (ljós/hitastig)
- þekktu áhrif ólíkra tegunda (bylgjulenda) ljóss, þ.e. sýnilegt ljós, UV og IR
- fengju tilfinningu fyrir því að mismunandi efni krefjast mismunandi geymsluumhverfis
- fengju kynningu í hvernig búa má til örumhverfi fyrir sérstaklega viðkvæma gripi
- fengju að meðhöndla nokkrar tegundir mælitækja, auk þess að sjá myndir af mismunandi tækjum
- öðluðust grunnskilning á því hvað loftmengun er og hvaða áhrif hún getur haft
- fengju innsýn í hvernig takmarka má skaðleg áhrif umhverfis á safngripi með einföldum aðferðum

## Skipulagning á staðnum

Námskeiðið fór fram í fundarsal hjá Þekkingarsetrinu Nýheimum, þar sem til staðar voru tölva og skjávarpi. Farið var yfir kynningarefni á glærusýningu, en meðfram því gátu nemendur handleikið og prófað mælitæki fyrir hitastig, rakastig og ljós. Auka tölva var á staðnum til þess að prófa að lesa inn upplýsingar úr datalogger (hita- og rakamælitæki).

## Umræður

Nemendur spurðu spurninga sem tengdust raunverulegum aðstæðum á vinnustöðum sínum. Rætt um ólík viðmið um umhverfi í safnageymslum sem hafa verið við lýði undanfarna áratugi. Auk þess voru margir áhugasamir um að vita hvar hægt væri að verða sér út um mælitæki og hvort hægt væri að samnýta þau að einhverju leyti.

## Niðurstöður

Hópurinn lærði grunnatriði um umhverfi í varðveislurýmum safn, hvernig mæla má umhverfisaðstæður og hvernig sporna má við skaðlegum áhrifum umhverfis á safngripina.

**Athugasemdir til farskólastjórnarinnar:** Engar.

### Umhverfi fyrir safngripi í geymslum

Sýnikennsla á rakamælum, ljósmælum, örumhverfi o.fl.

Írófi Ingvasson  
Ljósmynd- og ljósmælingarvörð  
Félagi NKF-IS




### Umhverfi

- Hitastig
- Rakastig
- Ljós
- Loftmengun

### Hitastig & Rakastig

- Hitastig mælt í °C
- Rakastig mælt í %RH
  - Hlutfall af mögulegri 100% mettun vatnsgufu í andrúmslofti lokaðs rýmis



18°C 100% Hlutfallslegur raki  
20°C 52% Hlutfallslegur raki  
30°C 28% Hlutfallslegur raki

http://www.danish-airtech.com/web/media/04/04/1110\_003.pdf

### Hitastig & Rakastig

- Við aukinn hita getur andrúmsloftið tekið við meira magni vatnsgufu
- Við lægri hita minnkar geta andrúmsloftsins til að halda vatnsgufu
- Ef rakastig í lofti fer yfir 100% myndast dugg (Dewpoint)



http://www.danish-airtech.com/web/media/04/04/1110\_003.pdf


### Hitastig & Rakastig

- Váðað í geymslun

Ákættal	Hámarksþyngd	Lágmarksþyngd
Stípt vatnið í lokaðum, lofti	20 - 20°C	80 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptuð í lofti	11 - 30°C - 45°C	70 - 10 - 90%
Stíptuð í lofti	11 - 30°C - 45°C	70 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu í lofti	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%
Stíptu	25°C	65 - 10 - 90%


### Hitastig & Rakastig





### Örumhverfi – Silica gel

- Plastaskja úr PE eða PP, með síkkonþéttingu
- Pokar með sílica gel, stíltu á rétt rakastig
- Mælisþjöld fyrir rakastig



### Ljós

- Sýnilegt ljós – lux/h (Luxstundir)
- UV ljós –  $\mu\text{W}/\text{m}^2$  (mikróvött á lumen)



**Loftmengun**

- Agnir úr föstu efni
  - Rýk
  - Frjúkorn
  - Mygla
- Gaskend mengun
  - Brennisteinsdæði og Brennisteinsvetni
  - Nituroxíð og Nituroxíð
  - Ósún
  - Lífrænar sjúkur
  - Formalín

**Loftmengun**

Bei	Skammti	Skammti	Skammti
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur
Agur	Agur	Agur	Agur

**Loftmengun**

Bei	Skammti
Agur	Agur
Agur	Agur
Agur	Agur
Agur	Agur
Agur	Agur
Agur	Agur
Agur	Agur
Agur	Agur
Agur	Agur
Agur	Agur
Agur	Agur

**Heimildir og frekari upplýsingar**

- <http://www.owalex.de/english.htm?egroserb.htm#information>
- <http://www.nps.gov/museum/publications/conservation/04-16.pdf>
- <https://www.oci.ca/resources/resources/agents-of-detrioration-agents-of-detrioration/hap08-eng.aspx>
- [http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsóknir/Handbok\\_kaffi-1\\_01-2012.pdf](http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsóknir/Handbok_kaffi-1_01-2012.pdf)



## Umhverfi fyrir safngripa á sýningu

**Undirbúningur sýningarinnar: Heimur Jóns Sigurðssonar**

**Skoða sýningarstaðinn vandlega**

Sterkleiki? Veikleiki?

Finna út skilyrði fyrir safngripi á meðan er að vera að vinna að velja gripi.

Þættir sem þarf að skoða:

<p><b>Sýning:</b> <b>tímabil/lengd</b> Aðsókn að sýningunni T.d. sýning opin allt árið eða eingöngu á sumarið  Aðgengi að sýningunni: Hópar – einstaklingar- hjólastóll</p>	<p><b>Lýsing</b> Ljós Dagsljós beint? Óbeint? Gerviljós tegund u.v.?  Stöðugt umhverfi í sýningasölum? Árssveiflur <b>Raka-og hitastig:</b> Ofn? Loftræstikerfi? árstíðarsveiflur? <b>Menngun?</b> Brennisteinsmenngun?, aska?, salt?</p>	<p><b>Uppsetning</b> Hvernig? hvaða efni má nota? Stuðningur fyrir gripi Veikleiki gripa: hvað er gripurinn viðkvæmur fyrir? <b>Sýningaskápar</b> : gler, plast, timbur, málaður timbur, málmur? Val efnis fyrir skápa -Opnun, aðgengi og þéttleiki skápa  <b>Uppsetningu á gripum utan sýningarskápa</b> Bak við gler/plexigler/ Öryggisgler Pallar /Veggir  Frágangur gripa: Montering /Festingar - Ginur</p>
<p><b>Undirbúningstími</b> þarf að mála? Veggj, skápa að innann? þarf að kaupa efni? Silicagel? HR% Súrefniseyði?</p>	<p><b>Öryggi</b> brothætt? Snerting Bannað að snerta merki? Öryggisbil? Öryggis merkingar á gólfinu? Staðsetning upplýsinga um gripi: skapar hún hættu fyrir gripina?</p>	

## Staðsetning gripa og ráðlegt umhverfi

Tegund safngripa	Hættulegustu staðir	Afleiðingar/hætta	Úrbætur	Æskilegt RH%.	Max. Æskilegt ljósamagn Lux
Málverk, grafísk verk ljósmyndir ramar	<b>Útveggur</b> Kaldur veggur á veturna Rakabreytingar á sumrin <b>Við hitakerfi</b> (rafmagnsofn, ofn) <b>Beint á móti glugga</b>	Sprungur myndast Pappír bólgnar Gifsrammar molna Litarefni fölna	-Mynda bil á milli verksins og veggins með því að nota vinflöskukorktappa. -Setja sýrufritt pappaspjald á milli verksins og veggins. Einnig er hægt að festa spjald á bakhluta rammans (bakplata). -Breyta staðsetningu muna	45-50%	150
Stærri munir t.d. húsgögn kistur,	Beint á gólfi	-Auðvelt er að rekast í. -Óhreinindi safnast fyrir -Rakabreytingar þar sem gólfið er oftast óeinangrað og raki fer í gegn	-Staðsetja ekki munina á gólfi þar sem gestirnir ganga um. -Setja einangrunarefni á milli munanna og gólfsins.	45-50%	150

Textílar: Klæði, föt, gluggatjöld	Við glugga, í miklu dagsljósi	Litirnir fölna	Minnka dagsljósið sérstaklega ef textílar eru til sýnis í lengri tíma	45-50%	30-50
Ómálað tréverk	Í miklu dagsljósi <b>Útveggur</b> <b>Við hitakerfi</b> (rafmagnsofn, ofn) <b>Beint á móti glugga</b>	Sprungur myndast	Forðast rakabreytingar	45-50%	150

Hámark 50 lux	Hámark 200 lux	Hámark 300 lux
Lituð lífræn efni Pappír Vatnslitamyndir	Ólituð lífræn efni Olíumálverk, <a href="#">Tempera</a> Húsgögn úr við, einkum með innlögðu viðarskreyti (e. <a href="#">marquetry</a> , <a href="#">it.intarsia</a> ) Húsgögn úr blönduðum lífrænum efnum	Málmar Steinn Leir
Teikningar	Lakk	Gler
Grafíkverk, prentverk	Bein	Flestir jarðfræðilegir gripir (e. Geological collection)
Veggfóður Ljósmyndir	Fílabein Horn	
Handrit	Plast (einkum <i>Bakelite</i> , <i>Ebonite</i> og polythene)	
Leður		
Textílar, búningar Líffræðileg sýni		
Feldir		
Fjaðrir Sumar tegundar steina, t.d. argentine, celestite, chalcocite, fluorite, lepidolite, pyrostilpnite		

## 6. Umræðuhópur um störf sjálfboðaliða á söfnum

Leiðbeinendur: Inga Lára Baldvinsdóttir og Sigrún Ásta Jónsdóttir

Þátttakendur:

Ingibjörg Áskelsdóttir	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Sigurlaugur Ingólfsson	Borgarsögusafn Reykjavíkur
Sigrún Ásta Jónsdóttir	Byggðasafn Reykjanesbæjar
Hjörtur Þorbjörnsson	Grasagarður Reykjavíkur
Gunnþóra Halldórsdóttir	Kvikmyndasafn Íslands
Dagný Heiðdal	Listasafn Íslands
Rakel Pétursdóttir	Listasafn Íslands
Guðlaug María Lewis	Listasafn Reykjanesbæjar
Óskar Leifur Arnarsson	Minjasafn Egils Ólafssonar
Berghildur Fanney Hauksdóttir	Minjasafnið á Bustarfelli
Örlygur Kristfinnsson	Síldarminjasafn Íslands
Þorvaldur Böðvarsson	Þjóðminjasafn Íslands
Þóra Björk Ólafsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Valbjörn Steingrímsson	Þjóðminjasafn Íslands
Inga Lára Baldvinsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands

Nokkru fyrir farskólann útbjuggu hópstjórar spurningarlista sem þeir sendu á skráða þátttakendur. Einnig sendu þeir upplýsingar og fróðleik frá öðrum löndum. Nokkrir þátttakenda svöruðu spurningunum og fylgja svör þeirra með þessari skýrslu.

Á farskólanum var ein dagstund áætluð fyrir hvern hóp að hittast og bera saman bækur. Meðfylgjandi eru helstu umræðupunktur. Þá kynntu hópstjórar helstu niðurstöður á síðasta degi farskólans.

### Umræða:

- Nokkur söfn hafa farið þá leið að fá sjálfboðaliða til að sýna gamalt handverk, t.d. heyannir við Árbæjarsafn. Með þessu vinnst það að bæði er hægt að miðla þessu handverki til almennings og einnig getur þetta verið liður í varðveislu safnsins á handverki.
- Þessu tengt eru námskeið um gamalt handverk sem sum söfn bjóða upp á, t.d. í slætti með orfi og ljá á Hvanneyri. Umræður sköpuðust um að áhugvert gæti verið að bjóða upp á tengingu milli námskeiðshalds og safnadaga.
- Innlendir sjálfboðaliðar eru flestir í eldri kantinum, oft fólk komið á eftirlaun. Þetta fólk er hafsjór af fróðleik um margvísleg málefni og getur reynst söfnum mikil og góð uppspretta. Það er erfiðara að fá yngra fólk og sérstaklega ungt fólk inn í þennan hóp.

- Yngra fólk sem kemur sem sjálfboðaliðar á söfn kemur yfirleitt frá útlöndum, annars vegar sem starfsnemar á háskólastigi, eða í gegnum sjálfboðaliðasamtök eins og SEEDS.
- Sum söfn hafa langa reynslu af erlendum sjálfboðaliðum. Ljósmyndasafn Reykjavíkur hefur um árabíl tekið við starfsnemunum og Grasagarðurinn í Reykjavík og Minjasafnið á Burstafelli hafa tekið á móti sjálfboðaliðum frá SEEDS. Reynsla þeirra sýnir að sjálfboðaliðar eru æði misjafnir og koma á ólíkum forsendum með nákvæmlega sama hætti og almennir starfsmenn. Þess vegna er mikilvægt að safnið teikni líka upp sín skilyrði og áherslur þegar samningar eru gerðir.
- Mis auðvelt er að stýra sjálfboðaliðum, sérstaklega getur reynst flókið að segja eldra fólk til verka, upp koma særindi og erfið samskipti, fólk finnst lítið gert úr því og framlag þess ekki metið. Þannig gengur oft erfiðlega að útskýra að söfn hafi annað vinnulag t.d. við hreinsun á húsnæði safna þar sem taka þarf tillit til safngripa og eins í miðlun þar sem söfn leggja ávallt áherslu á fjölbreytt og vítt sjónarhorn en sumir sjálfboðaliðar átta sig ekki á hve sjálfhverf sýn þeirra er. Lausnir á þessum vanda voru ræddar mikið, helstu punktar.
  - Skoða mjög vel hvernig tekið er á móti sjálfboðaliðum, mælt er með formlegum samningum, eða formlegri móttöku þegar sjálfboðaliði(ar) koma fyrst í hús. Þar sem stefna safnsins er kynnt og tekið fram að safnið vinnur samkvæmt faglegri leiðsögn safnstjórans.
  - Hafa verkefni tilbúin og afmörkuð, bæði að innihaldi og tímalengd. Skoða vel hvar þarf að koma til verkstjórn og hver sinni henni, einnig ef það þarf að útvega umbúðir að sjá til þess að það sé gert. Eins þarf vinnuaðstaða að vera klár og ljóst þarf að vera hvar sjálfboðaliðar mega vera og hafa aðgang.
  - Skoða þarf öll tryggingarmál og gæta þess mjög að sjálfboðaliðar séu ekki að nota tæki eins og lyftara osfrv nema tryggingar séu fyrir hendi um það.
- Það er líka jákvætt að umræða sé innan safnsins og eða með þeim sem tengjast því til að ljóst sé af hverju verið sé að taka á móti sjálfboðaliðum. Óvarlegt er að nýta vinnuframlag sjálfboðaliða til verkefna sem annars yrði að ráða manneskjur t.d. við gestamóttöku. Mikilvægt er að líta á þeirra framlag sem viðbót í verkefni sem annars hefðu ekki verið unnin. Einnig er gott að hafa í huga að mörg söfn hafa mikla möguleika til að taka þátt í samfélagslegum verkefnum eins og t.d. með VIRK þar sem fjölbreytni verkefna er yfirleitt mikil og umfang þeirra stórt.
- Mikilvægt er einnig að þótt ekki sé greidd laun fyrir vinnuframlag sjálfboðaliða þá getur ýmis kostnaður fallið til. Samningar við SEEDS kalla á að sjálfboðaliðum sé útvegað fæði og húsnæði, en með í þeim pakka er einnig að sinna félagslegum þörfum sjálfboðaliðanna, sem oftast lendir þá á starfsmönnum safnanna eftir að vinnutíma þeirra er lokið. Það getur alveg verið gaman og áhugavert að sinna þessum þætti, en ekki er hægt að gera ráð fyrir að starfsmenn safna hafi allir slíkt borð fyrir báru varðandi sinn frítíma. Það er því mikilvægt að það sér rætt um það fyrirfram hvernig eigi að bregðast við.

- Verkstjórnun og skipulag komu sjálfboðaliða vinnst ekki af sjálfu sér. Gera verður ráð fyrir tíma og jafnvel útlögðum kostnaði við þennan lið. Afar erfitt getur t.d. verið að hafa sjálfboðaliða á sumartíma þegar flestir starfsmenn taka sér sumarfrí.
- Hópstjórar höfðu dreift spurningum og ýmsu efni til hópsins, m.a. var þar skýrsla frá Danmörku þar sem kom fram ýmis tölfræði sem áhugavert var að kynna sér. Í umræðunum kom fram að líklega eru til tölfræðileg gögn um stöðuna hér á landi t.d. frá Hagstofunni eða Safnaráði. Áhugavert væri að sjá þær tölur.
- Þá var einnig rætt um að gott væri að safna saman gögnum um aðferðir annarra landa varðandi sjálfboðaliða. Til dæmis eru sérstök samtök til í Bandaríkjunum fyrir sjálfboðaliða á söfnum. Þar eru gerðar strangar kröfur til sjálfboðaliða t.d. er þeim gert að sækja námskeið ofl. Hópurinn hefur svólítið velt því fyrir sér hvort það væri heppilegra form að sjálfboðaliðar kæmu í gegnum félög eða samtök, sérstaklega varðandi innlenda sjálfboðaliða á minni stöðum þar sem nándin er mikil og oft erfitt fyrir safnverði að koma sjónarmiðum safnsins að, ekki síst þegar safnvörður er að taka við starfi þar sem mikil hefð er komin á sjálfboðaliðastarfið.



### **Spurningalistinn sem sendur var út:**

Sjálfbóðaliðar hafa á liðnum árum gert sig gildandi á nokkrum söfnum landsins. Með stækkandi hóp eldri borgara er fjöldi fólks sem er fús til slíkra starfa.

- Hvað eru sjálfbóðaliðar?
  - Eru sjálfbóðaliðar stakir einstaklingar eða litlir hópar sem koma inn á söfnin?
  - Eða koma þeir í gegnum félög, t.d. sögufélög, vínafélög safna eða sérstök varðveislufélög? –
    - Hvernig er tenging safnsins við slík félög og hvernig skilgreina þau framlag félaganna? –
    - Hættir það að vera sjálfbóðaliðastarf ef það er frá félögum?
    - Myndi það styrkja / veikja sjálfbóðaliðastarfið ef það yrði skipulagt sem félag?
  - Hvar flokkast semi-sjálfbóðaliðar, það er þeir sem koma í gegnum atvinnuáttak, eins og t.d. Virk ?
- Teljast innlendir og erlendir starfsmenn vera sjálfbóðaliðar?
- Hvers vegna eru söfn með sjálfbóðaliða?
  - Er það vegna þess að ekki fæst fjármagn til að halda starfsemi gangandi með öðrum hætti?
  - Er það vegna stefnumörkunar safnsins þar sem lögð er áhersla á að byggja upp slíka vídd?
  - Eða er það vegna vöntunar á úrræðum fyrir ákveðna hópa til að hafa viðfang?
- Hver er reynslan af sjálfbóðaliðastarfi í íslenskum söfnum?
  - Hvað gengur vel og hvað ekki ?
- Hvaða verkefni geta sjálfbóðaliðar leyst af hendi?
  - Hvar í safnastarfi eru þeir helst og af hverju?
  - við viðburði
  - á sýningum
  - í geymslum
  - umpökkun á myndasöfnum,
  - öflun upplýsinga
  - leiðsögn, innan og eða utan veggja safnsins
  - fræðileg vinna sérfræðinga, iðnaðarmanna
  - vera talsmaður safnsins út á við
  - Hvaða vinnu útheimtir það fyrir starfsfólk að hafa sjálfbóðaliða?
  - Er sjálfbóðaliðastarf skilgreint í stefnumörkun safnsins?
  - Fá starfsmenn greitt álag fyrir að sinna sjálfbóðaliðum?
  - Hvar liggja mörkin á milli launþega og sjálfbóðaliða?
  - Er einhver stefna í gangi hjá safninu þar sem mörkin eru dregin?

- Má túlka, samþykkt safnsins, siðareglur ICOM eða safnalög þannig að mörk þurfi að vera?
- Geta störf sjálfboðaliða veikt eða eft kröfur safna um fleiri starfsmenn?
- Er einhver stuðningur frá ytra umhverfi varðandi móttöku sjálfboðaliða inn á söfnin, t.d. fræðsla og þjálfun í móttöku þeirra, aðstoð við gerð samninga eða annað?
- Hver er ábyrgð og réttindi sjálfboðaliðanna?
- Falla þeir undir siðareglur safnmanna ?
- Með hvaða hætti fá þeir fræðslu eða kynningu á starfinu og safninu?
- Hvað gerist ef sjálfboðaliði slasast við vinnu í safninu – er hann tryggður eða á hann að vera tryggður?
- Hver er réttarstaða safnsins gagnvart sjálfboðaliðum?
- Td ef sjálfboðaliði vinnur andstætt hagsmunum safnsins, hvað getur safnið gert ef samtal dugar ekki?
- Þyrfti ekki að vera eitthvert plagg þar sem tíundað er réttindi, skyldur og tilgreint hvað teljist ásættanlegt fyrir báða aðila?
- Ef sjálfboðaliði safnar upplýsingum t.d. um myndir og skilar ekki inn, þeim upplýsingum – hvað er hægt að gera? Er alveg ljóst hver á þessi gögn? Hvað ef einhver afhendir sjálfboðaliða t.d. myndir sem hann lítur þá á sem sína eign Hvernig samband er þetta í raun?
- Getur einhver tekið að sér án samráðs við safnið að vera sjálfboðaliði, t.d. fyrrverandi starfsmaður, einhver úr stjórn safnsins, manneskja sem veit mikið um viðfangsefni safnsins, safnari?

Leitað verður svara við þessum og öðrum spurningum sem vakna um sjálfboðaliða í íslenskum söfnum.

Svör sem bárust:

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur:**

Ljósmyndasafn Reykjavíkur hefur tekið á móti starfsnemum frá árinu 2001. Þeim hefur fjölgað verurlega eftir 2004. Þeir hafa aðallega verið erlendir. Þetta hefur venjulega verið í samvinnu við háskóla en þó hafa nokkrir komið á eigin vegum. Ég man bara eftir einum íslenskum sjálfboðaliða en það hafa verið svona 5-10 íslenskir starfsnemar. Ætli erlendu starfsnemarnir séu ekki um 50-60.

Megináherslan í vinnu starfsnema er að þeir kynnist innra starfi safna sem best. Flestir þeirra hafa verið í verkefnum tengdum safnkostinum ásamt því að aðstoða við sýningastarfið – aðallega þá uppsetningu og innrömmun.

Vinnutími starfsnema er breytilegur. Flestir eru í 2-3 mánuði, en alltaf nokkrir í 6-9 mánuði.

Það er alltaf gerður formlegur samningur, bæði við viðkomandi háskóla og Erasmus, einnig er gerður sérstakur samningur Borgarsögusafns sem Ingibjörg Áskelsdóttir sér um. Í byrjun létum við nægja að gera samning við háskólana en núna erum við einnig með okkar eigin samning sem er miklu betra því þá getum við verið örugg um að allir þeir þættir sem við viljum að komi fram séu þar. Starfsnemar þurfa að sjá um allar tryggingar sjálfir og einnig finna sér húsnæði og allt slíkt.

Verkefnin eru að stærstum hluta umpökkun, skönnun og myndvinnsla. Stór hluti nemanna er með ljósmyndabakgrunn þannig að við höfum reynt að nýta það vel eins og t.d. með vinnu í myrkvaerbergi.

Kristín Hauksdóttir  
Ljósmyndasafni Reykjavíkur

## **Grasagarðurinn í Reykjavík**

Sjálfbóðaliðar hafa á liðnum árum gert sig gildandi á nokkrum söfnum landsins. Með stækkandi hóp eldri borgara er fjöldi fólks sem er fús til slíkra starfa.

Hvað eru sjálfbóðaliðar?

Eru sjálfbóðaliðar stakir einstaklingar eða litlir hópar sem koma inn á söfnin?

*Bæði, yfirleitt koma sjálfbóðaliðar í Grasagarðinn í gegnum sjálfbóðaliðasamtökin Seeds og þá í 5-7 manna hópum tvær vikur í senn. Grasagarðurinn hefur fjögur undanfarin sumur gert samning um 8-10 slíka hópa yfir sumarið. Stundum bætast við einstaklingar inn í hópana og er það gert með samþykki hópstjóra Seeds. Einstaklingarnir sem bætast við eru nær alltaf útlendingar sem eru í leit að gefandi umhverfi og félagsskap.*

Eða koma þeir í gegnum félög, t.d. sögufélög, vinafélög safna eða sérstök varðveislufélög?

*Nei*

Hvar flokkast semi-sjálfbóðaliðar, það er þeir sem koma í gegnum atvinnuáttak, eins og t.d. Virk ?

*Atvinnuáttaksfólk sem fær borguð laun hafa ekki verið taldir til sjálfbóðaliða í Grasagarðinum. Í þau skipti sem við höfum tekið á móti einstaklingum til endurhæfingar eða léttar starfsþjálfunar hafa þeir verið meira sem gestir garðsins, sem dæmi má nefna flóttamenn sem eru að kynnast íslensku starfsumhverfi og skjólstæðingar sambýla.*

Teljast innlendir og erlendir starfsmenn vera sjálfbóðaliðar?

*Innlendir starfsmenn hafa hingað til fengið borguð laun, þannig nei. Ólaunuð vinna erlenda starfsmenn hafa hingað til verið talin með sjálfbóðaliðavinnunni en verkefnin eru önnur og þeir halla sér meira að faglegri vinnu safnsins en aðrir sjálfbóðaliðar.*

Hvers vegna eru söfn með sjálfbóðaliða?

Er það vegna þess að ekki fæst fjármagn til að halda starfsemi gangandi með öðrum hætti?

*Í tilfelli Grasagarðsins þá já. Grunnumhirðu væri mjög ábótavant ef ekki hefði komið til vinna sjálfbóðaliða. Heildarfjöldi sumarstarfsmanna Grasagarðsins 2007 var ca. 15. Árið 2010 var hann 5. Þess má geta að 2011 stækkaði garðurinn um helming og ekki var veitt fjármagn í fleiri sumarstöðugildi.*

Er það vegna stefnumörkunar safnsins þar sem lögð er áhersla á að byggja upp slíka vídd?

*Stefna garðsins er að taka á móti starfsmönnum, launuðum sem ólaunuðum. Það er ekki stefna garðsins að halda úti sjálfböðavinnu um grunnumhirðu. Sú staða kom upp í neyð. Hins vegar notum við tækifærið og fræðum þau um starfsemi Grasagarða og fræðum þau eftir fremsta megni um meginviðfangsefni Grasagarðs Reykjavíkur. Því má líta á hópana sem hluta af fræðslustarfsemi garðsins.*

Eða er það vegna vöntunar á úrræðum fyrir ákveðna hópa til að hafa viðfang?

*Grasagarðurinn hefur ekki tekið á móti mörgum slíkum einstaklingum. Þegar það er gert ráða sérstakar þarfir einstaklingsins meiru en þarfir garðsins og verður hann því meira eins og gestur.*

Hvar í safnastarfi eru þeir helst og af hverju?

*Við grunnumhirðu, umhirða stíga, arfareiting, grasumhirða o.fl.*

Er sjálfböðaliðastarf skilgreint í stefnumörkun safnsins?

*Nei*

Fá starfsmenn greitt álag fyrir að sinna sjálfböðaliðum?

*Einn sumarstarfsmaður*

Er einhver stefna í gangi hjá safninu þar sem mörkin eru dregin?

*Ekki skrifleg, við ræðum þetta þó reglulega á vinnufundum og starfsmenn eru hvattir til að vera meðvitaðir um og hugsa um þessi mörk. Spurningin er svo hvort þau mörk séu sameiginleg öllum starfsmönnum. Það kemur oft fyrir að tímabundnir starfsmenn eða verktakar sem ekki taka þátt í þessum umræðum fara út fyrir þessi mörk og annaðhvort fara inn fyrir mörk sjálfböðaliðans (t.d. gera of miklar kröfur) eða ganga inn á mörk sjálf síns (sjálfböðaliði flytur inn á viðkomandi eða að viðkomandi hefur stöðugar og of miklar áhyggjur af grunnvelferð sjálfböðaliðans). Ef þessi mörk eru ekki rædd getur vinnuandi breyst mikið til hins verra og „sjálfsþjónkun“ aukist.*

Má túlka, samþykkt safnsins, siðareglur ICOM eða safnalög þannig að mörk þurfi að vera?

*Ég hef ekki sett mig inn í það, en það má án efa telja það eðlilegt að þessi mörk séu skýrð á einhvern hátt skriflega.*

Geta störf sjálfböðaliða veikt eða eflt kröfur safna um fleiri starfsmenn?

*Í tilfelli Grasagarðsins hafa þau til lengri tíma litið veikt kröfu okkar um fleira sumarstarfsfólk. Það má þó geta þess að Grasagarðurinn rökstuddi aukningu um einn sumarstarfsmann á hærri launum með móttöku sjálfboðaliða.*

Er einhver stuðningur frá ytra umhverfi varðandi móttöku sjálfboðaliða inn á söfnin, t.d. fræðsla og þjálfun í móttöku þeirra, aðstoð við gerð samninga eða annað?

*Lögfræðingar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hafa verið meðvitaðir um gerð samninga okkar við sjálfboðaliða, annars ekki.*

Hver er ábyrgð og réttindi sjálfboðaliðanna?

Falla þeir undir siðareglur safnmanna ?

*Já væntanlega, en þetta er góð spurning sem ég myndi gjarnan vilja kíkja betur á!*

Með hvaða hætti fá þeir fræðslu eða kynningu á starfinu og safninu?

*Þeir fá kynningu á starfinu og safninu af forstöðumanni eða fræðslustjóra þegar þeir mæta. Eins er farið yfir öryggisreglur og til hvers er ætlast af þeim. Sumir sjálfboðaliðar vilja gjarnan fá meiri fræðslu á einstaka þáttum og er þá reynt að verða við því.*

Hvað gerist ef sjálfboðaliði slasast við vinnu í safninu – er hann tryggður eða á hann að vera tryggður?

*Þar sem Grasagarðurinn tekur nær eingöngu á móti erlendum sjálfboðaliðum þá biðjum við um staðfestingu á því að sjálfboðaliðastörf séu dekkud af ferðatryggingum. Sjálfboðaliðar í Grasagarðinum vinna aðeins með handverkfæri og aldrei í þannig aðstæðum að þeir þurfa öryggishlífar. Þeir keyra ekki vinnubílinn og ekki rafmagnsbílinn heldur (starfsmenn eru þó undantekning).*

Hver er réttarstaða safnsins gagnvart sjálfboðaliðum?

T.d. ef sjálfboðaliði vinnur andstætt hagsmunum safnsins, hvað getur safnið gert ef samtál dugar ekki?

*Mér hefur þótt mikill kostur í svona tilfellum að hafa sjálfboðaliðasamtökin til að grípa inn í svona mál. Á þeim fjórum árum sem við höfum verið í samstarfi við Seeds höfum við þrisvar þurft að fara milliveg valdbeitingar og samtals. Var það vegna kynferðislegrar áreitni, gruns um fíkniefnanotkun og eineltis.*

Þyrfti ekki að vera eitthvert plagg þar sem tíundað er réttindi, skyldur og tilgreint hvað teljist ásættanlegt fyrir báða aðila?

*Ef um langtímasjálfboðaliða eða starfsmenn er að ræða þá já.*

Ef sjálfbóðaliði safnar upplýsingum t.d. um myndir og skilar ekki inn, þeim upplýsingum – hvað er hægt að gera? Er alveg ljóst hver á þessi gögn? Hvað ef einhver afhendir sjálfbóðaliða t.d. myndir sem hann lítur þá á sem sína eign Hvernig samband er þetta í raun?

*Kemur aftur inn á siðareglur safnamanna, þær mætti skoða með sérstöku tilliti til sjálfbóðaliða.*

Getur einhver tekið að sér án samráðs við safnið að vera sjálfbóðaliði, t.d. fyrrverandi starfsmaður, einhver úr stjórn safnsins, manneskja sem veit mikið um viðfangsefni safnsins, safnari?

*Nei, ég get ekki alveg ímyndað mér hvernig þetta gæti gerst á vinnustað. A.m.k. ætti slíkt ekki að tíðkast.*

*Að lokum læt ég hér afrit af bréfi sem ég sendi mannauðsstjóra Umhverfis- og skipulagssviðs haustið 2013 þar sem ég var í raun að kalla eftir einhverskonar vettvangi eða sameiginlegum línunum frá sviðinu um móttöku sjálfbóðaliða.*

„Sæl

Í viðhengi er samningurinn sem við undirrituðum með sjálfbóðaliðasamtökunum Seeds. Þar sérðu einnig ca. fjöldann sem við erum að taka á móti. Auk þessara sjálfbóðaliða höfum við einnig tekið á móti lærlingum frá erlendum garðyrkju/landslagsarkitektaskólum þar sem erlendirar dvalar er krafist (þeir koma þá sem sjálfbóðaliðar). Í þeim tilfellum reyni ég að gera samning við viðkomandi skóla, það er þó ekki alltaf í boði. Ég legg alltaf áherslu á að þeir skoði hvort ferðatryggingar dekki sjálfbóðavinnu og svo leggjum við áherslu á að þau vinni ekki á tæki eða vélar eða séu að þrjú í trjáum eða upp á þök (lærlingarnir verða þó að keyra rafmagnsbílinn innan garðs).

Við höfum líka haft samskipti við sjálfbóðaliðasamtökin World Wide Friends og í þeim tilfellum reynum við að fá sjálfbóðaliða til lengri tíma. Því miður eru þau samtök ekki alveg jafn pottþétt og erfitt getur reynst að halda uppi formlegum samskiptum, t.d. hef ég ekki gert samning við þau vegna Tinos sem er hjá okkur allt sumarið og einnig hefur það komið fyrir að við vitum ekki hvenær fólk komi og jafnvel hefur fólk birst á tröppunum hjá okkur frá þeim bara af því einhver annar vinnustaður klikkaði. Eftirfylgni er heldur engin. Ég er oft mjög hugsi yfir því hvernig þetta samstarf við WWF er og ég er í raun ekki alveg nógu ánægður. Það verður samt að segjast að sjálfbóðaliðarnir sjálfir hafa alltaf reynst okkur mjög vel og tekist að setja sitt mark á garðinn og starfsemi hans.

Að mínu mati er það hægara sagt en gert að taka á móti sjálfbóðaliðum. Þetta er ekki eitthvað sem þú hristir fram úr erminni. Allir starfsmenn verða að vera meðvitaðir um hlutverk sitt og staðarins sem gestgjafa og jafnvel verktakar og verkþækkistöðvar í kring. Við höfum verið heppin en einu sinni hafði ég áhyggjur af kynferðislegri áreitni og við höfum orðið vör við einelti innan hópanna ... við höfum sem betur fer ekki þurft að beita einhverskonar valdboði í þessum málum en færni í mannlegum samskiptum er ótrúlega mikilvæg og þá einmitt að allir séu meðvitaðir um að svona lagað kemur upp og að einhvern veginn þurfi að kljást við vandamálið.

Eins hef ég haft áhyggjur af vinnustaðamóral Grasagarðsins. Það að vera endalaust í gestgjafahlutverki og jafnframt sinna sinni eigin vinnu getur verið slitandi og það er hætt við að fólk hætti að greina á milli einkalífs og vinskaps annars vegar og svo vinnunnar hinsvegar. Þegar t.d. garðyrkjufræðingur bíður sjálfbóðaliða að búa hjá sér síðustu tvo dagana á Íslandi vegna þess að viðkomandi er svo að segja á götunni, ég hef boðið sjálfbóðaliðum að koma og þvo fót heima vegna þess að þvottavél samtakanna bilaði, það er frekar algengt að við bjóðum sjálfbóðaliðum í ferðir sem við förum með fjölskyldu og vinum í frítíma. Allt er



Þetta sjálfsagt en það er hætt við að fólk noti þetta til að réttlæta það að kaffitími lengist eða annað smálegt sem samt getur endað illa ef einhver er ekki í stakk búinn til að sjá eðlileg mörk. Það er semsagt vandmeðfarið að vera bæði vinnuveitandi og gestgjafi á sama tíma.

Það væri án efa hægt að ræða endalaust um kosti og galla sjálfbóðaliða og mér finnst ég oft vanta einhvern til að kasta boltum með. Þannig að ef það er einhverskonar umræða meðal þeirra sem taka á móti sjálfbóðaliðum innan Reykjavíkurborgar þá þætti mér mjög áhugavert að fylgjast með henni.“

Hjörtur Þorbjörnsson

Grasagarði Reykjavíkur

## Árbæjarsafn

Sjálfbóðaliðar hafa á liðnum árum gert sig gildandi á nokkrum söfnum landsins. Með stækkandi hóp eldri borgara er fjöldi fólks sem er fús til slíkra starfa.

*Ég hef kynnt mér sjálfbóðaliðastarf á söfnum í N-Ameríku í gegnum samtök sem nefnast ALHFAM. Á Árbæjarsafni höfum við reynt að fá sjálfbóðaliða í gegnum tíðina en það virðist takmarkaður áhugi fyrir því á Íslandi og eflaust ekki mikil „menning“ fyrir slíku; nema þá helst innan íþróttastarfs þar sem ég þekki vel til. Á Árbæjarsafni hefur mér einkum tekist best að fá sjálfbóðaliða á árlega heyrningu á júlí.*

*Ein undantekning er enskur maður sem hefur komið til mín tvívegis. Hann er kominn á eftirlaun og starfaði sem prentari á yngri árum en var lengst yfir bókasafni breska prentarafélagsins. Hann hefur nýst mér mjög vel í prentsmiðjunni á Árbæjarsafni. Hann hefur mikla reynslu af sjálfbóðaliðastarfi víða á söfnum og sýningum á Englandi.*

*Reynsla mín bæði af fyrirlestrum um þetta efni erlendis frá og svo hér heima; er að það er ekki alltaf auðvelt að vinna með sjálfbóðaliðum. Áður en farið er út í að fá sjálfbóðaliða er mikilvægt að setja niður „guidelines“ um verksvið sjálfbóðaliða og til hvers er ætlast af þeim. Það er reynsla margra safna/sýninga í N-Ameríku a.m.k. að þegar sjálfbóðaliða vita ekki alveg hvert hlutverk þeirra á að vera að það geti leitt til þess að þeir, sjálfbóðaliðarnir, fari út fyrir þann ramma sem safnið ætlaði þeim.*

*Mín persónulega reynsla er sú að það getur stundið verið erfiðara að stjórna sjálfbóðaliðum. Þeir eru ekki eiginlegir starfsmenn og það getur verið erfitt að hafa stjórn á þeim. Eins þá er erfitt að ætla sjálfbóðaliðum að mæta þennan dag og hinn; klukkan þetta og hitt; og því erfitt að reiða sig á slíkt. Sjálfbóðastarf mætti þróa frekar og vonandi að það takist. Árbæjarsafn tel ég mjög heppilegan vettvang fyrir slíkt „þróunarstarf.“*

Hvað eru sjálfbóðaliðar?

Eru sjálfbóðaliðar stakir einstaklingar eða litlir hópar sem koma inn á söfnin?

*Stakir einstaklingar oftast, en í sumar höfum við, til reynslu, verið með gullsmiða nema sem sýna vinnu sína á gullsmiðaverkstæðinu.*

Eða koma þeir í gegnum félög, t.d. sögufélög, vinafélög safna eða sérstök varðveislufélög? –

Nei.

Hvar flokkast semi-sjálfbóðaliðar, það er þeir sem koma í gegnum atvinnuáttak, eins og t.d. Virk ?

*Við höfum ráðið fólk yfir sumarið í gegnum vinnuáttak ungs fólks innan Rvk-borgar. Reynslan er í heild góð en vont að við getum aðeins valið úr litlum hópi fólks; sem er mis reiðubúið fyrir að vinna á safni.*

Teljast innlendir og erlendir starfsnemar vera sjálfboðaliðar?

*Þekki það ekki.*

Hvers vegna eru söfn með sjálfboðaliða?

Er það vegna þess að ekki fæst fjármagn til að halda starfseminni gangandi með öðrum hætti?

*Ekki í mínu tilviki. Ég vonast eftir sjálfboðaliðum sem búa yfir einhverri þekkingu eða a.m.k. áhuga. Markmið Árbæjarsafns er að fjölga handverksfólki og þá geta sjálfboðaliðar verið áhugaverður kostur.*

Er það vegna stefnumörkunar safnsins þar sem lögð er áhersla á að byggja upp slíka vídd?

?

Hvað gengur vel og hvað ekki ?

*Ekki komið nægjanleg reynsla á það til að geta svarað því til hlítar.*

Hvaða verkefni geta sjálfboðaliðar leyst af hendi?

Hvar í safnastarfi eru þeir helst og af hverju?

við viðburði

*Já, heyönnum.*

Fá starfsmenn greitt álag fyrir að sinna sjálfboðaliðum?

*Nei.*

Er einhver stefna í gangi hjá safninu þar sem mörkin eru dregin?

*Ekki svo ég viti.*

Geta störf sjálfboðaliða veikt eða eflt kröfur safna um fleiri starfsmenn?

*Ég lít svo á að þetta sé alveg tvennt ólíkt. Hugmyndin er ekki að sjálfboðaliðar eigi að koma í stað starfsmanna, heldur vera viðauki við starfsmenn.*

Sigurlaugur Ingólfsson

Borgarsögusafni Reykjavíkur

## ***Þjóðminjasafn Íslands***

Sjálfböðavinna við Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni

Nokkur hefð er fyrir vinnu sjálfböðaliða við safnið. Upphaf þess má rekja til auglýsingar í vlnafélagi Þjóðminjasafnsins Minjum og sögu árið 1996 þar sem auglýst var eftir sjálfböðaliðum til að koma safni Péturs Brynjólfssonar í sýrufriar umbúðir. Fimm sjálfböðaliðar buðu fram krafta sína og unnu um tveggja mánaða skeið að þessu afmarkaða verkefni. Einn sjálfböðaliðanna ílengdist í sjálfböðavinnu við safnið næstu tvö ár og vann gríðarlegt starfvið að skipta um umbúðir á glerplötusöfnum nokkurra ljósmyndara.

Engir samningar voru gerðir við þessa sjálfböðaliða og eftir því sem leið á dvöl þess sjálfböðaliða sem lengst hélt út, sem voru tæp þrjú ár, urðu mörkin óljós um hver staða hennar var á safninu.

Margrét Gísladóttir fyrrum forvörður við safnið bauð fram krafta sína eftir að hún var komin á eftirlaun árið 2009 og hefur unnið einn og hálfan dag í viku yfir vetrartímann síðan. Verk hennar hefur verið umpökkun á filmusöfnum í sýrufriar umbúðir og samhliða númering safnanna og gerð grófrar skrár yfir myndefnið byggð á meðfylgjandi gögnum. Margrét er auðvitað ekki eins og hver annar sjálfböðaliði, því hún er öllum hnútum kunn hjá okkur.

Haustið 2010 vorum við svo lánsöm að fá til okkar hóp kvenna, fyrrum grunnskólakennara sem komnar eru á eftirlaun í sjálfböðavinnu. Þær hafa komið hálfan dag einu sinni í viku, fyrst tvær til fjórar saman en síðasta vetur tvær til fimm saman. Þeirra megin verkefni hefur líkt og fyrri sjálfböðaliða verið að skipta um umbúðir á filmu- og plötusöfnum í okkar vörslu. Mikið og þarft verk er unnið af þeirra hendi og eigum við stundum fullt í fangið með að bera meira og meira efni í þær, svo duglegar eru þær. Þær hæfustu hafa jafnhliða unnið drög að skrár yfir myndasöfn sem ella væru enn með öllu óskráð. Á grundvelli þeirra hafa einhver söfn þegar verið skráð í Sarp.

Mikilvægt er að hafa verkefnin vel skipulögð og velja verkefni sem henta hverjum og einum. Þar ber að hafa í huga að fólk er mishæft til að verka og þarf sá sem heldur utan um sjálfböðaliða starf að vera meðvitaður um það og kortleggja. Því fylgir auðvitað aukin vinna bæði við að skipuleggja verkefni og hafa ný á reiðum höndum þegar verkefni klárast. Sjálfböðaliðar þurfa að sjálfsögðu vinnuaðstöðu og verður hún að vera tiltæk fyrir þá, svo þeim finnst þeir velkomnir. Hópurinn sem við höfum haft hjá okkur síðan 2010 hefur t.d. haft stórt borð þar sem þær geta setið í hring og spjallað saman á meðan þeirra vinna verk sín.

Ókosturinn er að þarf stöðugt að hafa yfirumsjón með starfi sjálfböðaliða og tryggja það að rétt sé að verki staðið, því þeir bera ekki ábyrgðina á því sem miður fer. Meginkostur þess að vera með sjálfböðaliða er að verk eru unnin sem starfsfólk kæmist annars ekki yfir. Sjálfböðaliðarnir hafa séð um umbúðaskipti og númeringu hjá okkur

sem tekur þann verkþátt af okkar höndum og leyfir okkur frekar að eyða kröftum okkar í önnur störf, líkt og skráningu og þjónustu.

Inga Lára Baldvinsdóttir  
Ljósmyndasafni Íslands